

## 24. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 16.02 2016, Végarði kl. 13.30

---

Mættir eru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig komin til fundar vegna dagskrárliðar 1, Anna Bryndís Tryggvadóttir og Þorsteinn Pétursson fulltrúar Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps.

### Dagskrá

1. **Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps**, fulltrúar *stjórnar félagsins mæta til fundar kl.13.30*
2. **Vatnajökulsþjóðgarður**, fulltrúar *þjóðgarðsins mæta til fundar kl. 14.30*
3. **Skýrsla oddvita**
4. **Drög að Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps**, til kynningar
5. **Félagþjónusta Fljótsdalshéraðs**, *gjaldskrár og áætlanir*
6. **Húsfélag Miðvangi 6**, *aðalfundarboð*
7. **Fasteignamat vatnsréttinda. Álagning fasteignaskatts.**  
Álit lögmanns sveitarfélagsins dags. 27.01 2016
8. **Bréf**
  - a) Ríkisendurskoðun dags. 29.01
  - b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 22.01
  - c) Umhverfisstofnun dags. 15.01
  - d) Samband íslenskra sveitarfélaga 08.01
9. **Fjárbeiðnir**
  - a) Birtingaráætlun Austurbrúar
  - b) Krabbameinsfélag Austurlands 13.01
  - c) MME
10. **Fundargerðir**
  - a) Samtök orkusveitarfélaga 19.01
  - b) Félagsmálanefnd 27.01
  - c) Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 23.09 2015
  - d) Minjasafn Austurlands 10.12 2015
  - e) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 22.12-30.12 2015 og 12.01 2016

f) HAUST 10.02

g) Húsnefnd Végarðs 12.02

## 11. Önnur mál.

### 1. Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps.

Til umræðu voru málefni Búnaðarfélagsins, tækjæign og skortur á aðstöðu fyrir tækin.

*Anna Bryndís og Þorsteinn yfirgáfu fund kl 14.30*

### 2. Vatnajökulsþjóðgarður,

Til fundar við sveitarstjórn komu Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður. Fljótsdalshreppur og þjóðgarðurinn eru í samstarfi um viðveru landvarða á Hengifossvæðinu, hluta sumars. Landverðir sinntu daglegu eftirliti á tímabilinu 22. júní til 14. ágúst. Utan þess tímabils var farið í eftirlit þá daga sem mannaflí leyfði og daglega lesið af talningamæli. Skipulagðar göngur að Hengifossi voru 4 sunnudaga. Ragna Fanney kynnti könnun sem landverðir gerðu meðal ferðamanna á svæðinu þar sem fram kom að helst var fundið að því að ekki væru nægjanleg bílastæði á staðnum, Ragna fór einnig yfir niðurstöður talninga á ferðafólki og fl. Fjöldi ferðamanna á svæðinu eykst enn milli ára. Mælir var settur upp 1. Júní og lesið af mælinum til 26. nóvember. Miðað við niðurstöðu teljara höfðu á tímabilinu gengið um 44 þús gestir að Hengifossi. Minnst var á að æskilegt væri að setja teljarann fyrir upp á árinu, því talsvert er um göngufólk allt árið og fjöldi á svæðinu hefur aukist mjög í apríl og maí.

Sveitarstjórn telur samstarfið við þjóðgarðinn um landvörslu á Hengifossvæðinu skila góðum árangri og mikilvægt að því verði haldið áfram. Samþykkt að á árinu 2016 verði framlag Fljótsdalshrepps til verkefnisins kr. 400.000,-

*Agnes og Ragna yfirgáfu fund kl 15.40*

### 3. Skýrsla oddvita.

Vegna undirbúnings þorrablóts í Végarði, var febrúar fundi sveitarstjórnar frestað um hálfan mánuð til 16. febrúar.

Framkvæmdasjóður ferðamanna tilkynnti umsækjendum styrkja, um breytingu á starfsreglum sjóðsins, þess efnis að mótframlag styrkþega miðist nú við 20%, þegar styrkhafi er sveitarfélag eða einkaaðili, en styrkir til svæða í eigu eða umsjón ríkisins verða veittir án kröfu um mótframlag. Mótframlag getur áfram verið í formi beinna útgjalda eða vinnuframlags. Umsækjendum styrkja var boðið upp á að breyta innkomunum styrkumsóknum fyrir árið 2016, væri til þess vilji. Umsókn sem Fljótsdalshreppur sendi inn til sjóðsins fyrir áramót var ekki breytt.

Velferðarráðuneytið hefur tilkynnt um 2% hækkun viðmiðunarfjárhæðar vegna eignamarka við útreikning húsleigubóta.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga á Austurlandi hafa að beiðni SSA myndað starfshóp til að ræða verkefnið „Strætisvagnar Austurlands“ og áframhaldandi þróun þess. Starfshópurinn hefur komið saman á 2 fundum.

Ritað hefur verið undir verksamning við Íslenska Gámafélagið í samræmi við sorpútboð.

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um tekjur sem þau hafa haft á árinu 2015, fyrir nýtingu á landi og landsréttindum innan þjóðlenda. Fljótshreppur hefur ekki haft slíkar tekjur.

Austurbrú óskaði eftir að sveitarfélög á svæðinu létu í té myndefni og kynningu á ca 10 stöðum í hverju sveitarfélagi, til afnota fyrir markaðssetningu beins flugs til Egilsstaða frá London. Skúli Björn tók saman efni fyrir Fljótshreppi.

Innan Austurbrúar er unnið áfram að verkefninu Áfangastaðurinn Austurland og áætlað að halda kynningafund í lok febrúar. Ferðamálafulltrúar á svæðinu hafa unnið með Austurbrú að framgangi verkefnisins og er t.a.m. samræming á kynningarefni á Austurlandi eitt af viðfangsefnum verkefnisins.

Verkefnisstjórn um afurðarmiðstöð viðarafurða á Austurlandi hefur gefið út heildarskýrslu um verkefnið og afhent Fljótshreppi eitt eintak.

#### **4. Drög að Jafnréttisáætlun Fljótshrepps.**

Lögð fram til kynningar.

#### **5. Félagsþjónusta Fljótshéraðs, gjaldskrár og áætlanir.**

Samþykktar að hálfu Fljótshrepps.

#### **6. Húsfélag Miðvangi 6, aðalfundarboð.**

Aðalfundurinn verður haldinn 18.02 kl 17.00. Miðvangi 2. Oddviti gerir ráð fyrir að sitja fundinn f.h. Fljótshrepps.

#### **7. Fasteignamat vatnsréttinda. Álagning fasteignaskatts.**

Álit lögmanns sveitarfélagsins Kristinn Bjarnason, dags. 27.01 2016.

Meðal þess sem kemur fram í áliti lögmannsins er að vatnsorkuréttindi teljast sérstök fasteignaréttindi en ekki hlunnindi í hefðbundinni merkingu þess hugtaks. Þannig verði þessi sérstöku fasteignaréttindi ekki flokkuð sem hlunnindi.

#### **8. Bréf**

- a) Ríkisendurskoðun dags. 29.01. Kynnt.
- b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 22.01. Kynnt.
- c) Umhverfisstofnun dags. 15.01. Kynnt.

d) Samband íslenskra sveitarfélaga 08.01. Kynnt.

### 9. Fjárbeiðnir

a) Birtingaráætlun Austurbrúar. Samþykkt framlag til verkefnisins kr. 218.750-

b) Krabbameinsfélag Austurlands 13.01. Samþykktur styrkur kr. 25.000-

c) MME. Samþykktur styrktur kr. 25.000-

### 10. Fundargerðir

a) Samtök orkusveitarfélaga 19.01. Kynnt.

b) Félagsmálanefnd 27.01. Kynnt.

c) Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 23.09 2015. Kynnt.

d) Minjasafn Austurlands 10.12 2015. Kynnt.

e) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 22.12-30.12 2015 og 12.01 2016. Kynntar.

f) HAUST 10.02. Kynnt.

g) Húsnefnd Végarðs 12.02. Kynnt. Sveitarstjórn samþykkir tillögu húsnefndar um að tekið verði tilboði Rafkuls ehf, Eskifirði, um kaup og uppsetningu á á LG varmadælu, sem sett verði upp í Végarði. Áætlaður kostnaður er um kr. 600.000-.

### 11. Önnur mál.

Samþykkt að greiða árgjald kr. 20.000,- í Félag byggingarfulltrúa fyrir árið 2016, vegna byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45.

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)